

K.U. gegn Finnlandi

Dómur frá 2. desember 2008

Mál nr. 2872/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dreifing upplýsinga á internetinu. Þagnarskylda. Athafnaskyldur ríkis.

1. Málsatvik

Kærandi, K.U., er finnskur ríkisborgari fæddur 1986. Málið varðaði kvörtun hans þess efnis að auglýsing af kynferðislegum toga var birt undir nafni hans inni á stefnumótasíðu á internetinu í mars 1999, þegar hann var tólf ára gamall. Samkvæmt finnskri löggjöf á þeim tíma gátu hvorki lögregla né dómstólar krafð þjónustuaðila vefsíðunnar um að upplýsa hver hefði sett auglýsinguna inn á síðuna. Í auglýsingunni var aldur og fæðingaár kæranda tilgreint auk þess sem þar var nákvæm lýsing á líkamlegum einkennum hans. Einnig var tengill á heimasíðu kæranda sem hafði að geyma mynd af honum og símanúmer. Í auglýsingunni kom fram að kærandi væri að leita að nánu sambandi við pilt á svipuðum aldri eða eldri til að „sýna sér leiðina“. Kærandi varð fyrst var við tilvist auglýsingarinnar þegar hann fékk tölvubréf frá manni sem vildi hitta hann og síðan „sjá hvað hann vildi gera“. Faðir kæranda óskaði eftir því að lögreglan upplýsti hver hefði sett auglýsinguna inn á netið svo mögulegt væri að kæra hann. Þjónustuaðili síðunnar neitaði hins vegar að verða við þeirri kröfu þar sem hann taldi sig vera bundinn trúnaði um fjarskipti samkvæmt lögum.

Hinn 19. janúar 2001 hafnaði dómstóll í Helsinki ósk lögreglunnar um að þjónustuaðila síðunnar yrði gert skylt að gefa upp hvaða einstaklingur hefði sett auglýsinguna inn á síðuna. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekkert skýrt og ótvírætt lagaákvæði væri í lögum um meðferð sakamála sem næði til þessa tilviks sem teldist í finnskum rétti til ærumeiðinga. Kærandi áfrýjaði málinu en niðurstaðan var staðfest.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að réttindi hans samkvæmt 8. gr. og 13. gr. sáttmálans hefðu verið brotin vegna afskipta af einkalífi hans og að ekkert raunhæft úrræði væri að finna í finnskum rétti fyrir hann til að komast að því hvaða einstaklingur hefði sett auglýsinguna inn á stefnumótasíðuna.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Jafnvel þó að samkvæmt finnskum rétti félli undir ærumeiðingar, taldi dómstóllinn mikilvægt að líta til þeirra áhrifa sem það hefði einkalíf á kæranda ljósi viðkvæms aldurs hans. Dómstóllinn taldi að sú athöfn að setja auglýsinguna á netið væri refsínæmur verknaður sem hafði þær afleiðingar ungmenni hefði verið útsett fyrir athygli barnaníðinga. Dómstóllinn tók fram að slík háttsemi kallaði á viðbrögð réttarkerfisins með viðunandi rannsókn og saksókn. Ennfremur ættu börn og aðrir viðkvæmir einstaklingar rétt á vernd frá ríkinu frá slíkum alvarlegum afskiptum af einkalífi þeirra.

Dómstóllinn tók fram að atvikið hafði átt sér stað árið 1999 en þá var það vel þekkt staðreynd að mögulegt væri að nota internetið í refsínæmum tilgangi einmitt vegna þess hversu auðvelt er að koma fram undir nafnleysi. Hið útbreidda vandamál sem kynferðisleg misnotkun barna er var einnig orðið vel þekkt mörgum árum áður en mál kæranda kom upp. Því gátu finnsk yfirvöld ekki haldið því fram að þau hefðu ekki haft tækifæri til að koma á lagginnar kerfi til að vernda börn fyrir barnaníðingum á netinu. Löggjafinn hefði átt að setja reglur þar sem fundið væri jafnvægi á milli trúnaðar þjónustuaðila á netinu og nauðsynjar á því að koma í veg fyrir afbrot og vernda réttindi og frelsi annarra. Jafnvel þó að löggjafinn hefði gert það síðar með löggjöf um tjáningarfrelsi í fjölmiðlum var slík löggjöf ekki til staðar á þeim tíma er atvik málsins áttu sér stað. Því brugðust finnsk yfirvöld skyldu sinni til að vernda rétt kæranda til friðhelgi einkalífs þar sem trúnaðarskyldan vó þyngra en líkamleg og andleg velferð kæranda. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 8. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Um 13. gr.: Í ljósi niðurstöðu sinnar samkvæmt 8. gr. taldi dómstóllinn ekki þörf að skoða málið út frá 13. gr.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur.